## Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 5. mars 2018 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson formaður og Kolfinna Ýr Ingólfsdóttir í forföllum Egils Sigurgeirssonar. Rebekka Eiríksdóttir boðaði forföll. Einnig sat fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 1 blaðsíða.

Formaður bauð fólk velkomið og setti fundinn. Formaður spurði eftir öðrum málum á dagskrá, ekkert mál barst. Þá var gengið til dagskrár.

### Dagskrá:

<u>Mál til afgreiðslu:</u>

1. Fundargerð skipulags- húsnæðis- og hafnarnefndar 6. febrúar 2018.

   *Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

2. 1604001 - Deiliskipulag Dals í Kvígindisfirði.
   Erindi frá Skipulagsstofnun dagsett 22. febrúar 2018.

   *Nefndin leggur til að gerð verði aðalskipulagsbreyting vegna breyttrar skilgreiningar á frístundasvæði, þ.e. deiliskipulagið gerir ráð fyrir stærra svæði en samþykkt er í Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006 - 2018. Skipulagsfulltrúa falið að ræða við landeigendur um málefnið. Samþykkt samhljóða.*

3. 1505002 - Deiliskipulag Kirkjuból, skipulagstillaga.

   *Skipulagsfulltrúa falið að afgreiða skipulagið til Skipulagsstofnunar skv. 41. gr. laga 123/2010. Samþykkt samhljóða.*

<u>Önnur mál (ef einhver):</u> Löglega upp borin.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 11:00

____________________________ ____________________________

____________________________ ____________________________